

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um úrlausn mála hjá umboðsmanni skuldara.

1. *Hversu mörg mál biða úrlausnar hjá umboðsmanni skuldara og um hvers konar mál er að ræða?*

Frá stofnun embættis umboðsmanns skuldara 1. ágúst 2010 hefur embættið fengið 5.900 mál til afgreiðslu. Þar af eru 990 erindi og ábendingar frá skuldurum, 3.778 umsóknir um greiðsluaðlögun, 1.025 umsóknir um ráðgjöf og 107 umsóknir vegna tímabundins úrræðis fyrir einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1: Fjöldi mála hjá umboðsmanni skuldara frá 1. ágúst 2010 til 30. október 2011.

Málaflokkur	Mál borist	Ólokið hjá UMS	Ólokið hjá umsjónarmanni
Erindi og ábendingar	990	111	
Greiðsluaðlögun	3.778	1.790	1.467
Ráðgjafarmál	1.025	152	
Tímabundið úrræði vegna tveggja fasteigna	107	7	16
Alls	5.900	2.060	1.483

Heimild: Umboðsmaður skuldara.

2. *Hversu mörg mál fá úrlausn í hverjum mánuði?*

Að meðaltali hefur embætti umboðsmanns skuldara afgreitt um 157 mál í hverjum mánuði frá 1. ágúst 2010. Rétt er að taka fram að umsóknir um greiðsluaðlögun sem hafa verið samþykktar og sendar til umsjónarmanns eru ekki taldar með í heildarfjölda lokinna mála. Í töflu 2 má þó sjá fjölda slíkra mála í hverjum mánuði undir liðnum „Greiðsluaðlögun, sent til umsjónarmanns“. Í töflunni gefur annars að líta fjölda lokinna mála í hverjum mánuði eftir málaflokkum en málin eru misjöfn að umfangi.

Tafla 2. Fjöldi lokinna mála hjá umboðsmanni skuldara eftir mánuðum.

	Lokin mál alls	Erindi og ábendingar	Greiðsluaðlögun lokið	Greiðsluaðlögun, sent til umsjónarmanns	Ráðgjafarmál	Tveggja fasteigna mál
2010						
Ágúst	84	15	1	-	68	
September	124	34	-	4	90	
Oktober	106	30	3	1	73	
Nóvember	161	53	35	38	73	10
Desember	101	22	8	22	71	1
2011						
Janúar	166	87	19	27	60	4
Febrúar	89	32	21	114	36	7

	Lokin mál alls	Erindi og ábendingar	Greiðslu- aðlögun lokið	Greiðsluaðlögun, sent til umsjónarmanns	Ráðgjafar- mál	Tveggja fast- eigna mál
Mars	136	30	36	203	70	10
Apríl	109	34	20	106	55	10
Maí	113	35	33	229	45	14
Júní	99	52	31	217	16	10
Júlí	271	170	48	211	53	6
Ágúst	295	190	73	176	32	9
September	204	53	109	170	42	10
Október	200	60	85	107	55	8
Alls	2.258	897	522	1.645	839	99

Heimild: Umboðsmaður skuldara.

3. Hversu margar umsóknir berast umboðsmanni skuldara að jafnaði á mánuði?

Fjöldi erinda sem berast umboðsmanni skuldara í hverjum mánuði er nokkuð breytilegur. Eins og sjá má í töflu 3 hafa embættinu að jafnaði borist um 66 erindi og ábendingar frá skuldurum á mánuði, 234 umsóknir um greiðsluaðlögun, 58 umsóknir um ráðgjöf og sjö umsóknir vegna tímabundins úrræðis fyrir einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota. Fjöldi erinda og ábendinga frá skuldurum náði hámarki í mars og apríl 2011 vegna óska um að embættið færi yfir endurútreikning lána með ólögmeta gengistryggingu. Þá bárust mjög margar umsóknir um greiðsluaðlögun í júní 2011 sem líklega má rekja til þess að ákvæði til bráðabirgða í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga um frestun greiðslna við móttöku umsókna um greiðsluaðlögun féll úr gildi 1. júlí 2011. Eftir þann tíma hafa að meðaltali 33 umsóknir um greiðsluaðlögun borist embættinu á mánuði.

Tafla 3. Fjöldi mála hjá umboðsmanni skuldara eftir mánuðum.

	Erindi og ábendingar	Greiðsluaðlögun	Ráðgjöf	Tvær fasteignir
2010				
Fyrir 1. ágúst		270	160	
Ágúst 2010	40	127	55	10
September	73	163	81	10
Október	32	279	73	10
Nóvember	58	366	60	12
Desember	57	276	63	5
2011				
Janúar	43	289	70	14
Febrúar	37	295	53	6
Mars	198	298	47	4
Apríl	112	226	49	6
Maí	90	262	45	6
Júní	33	794	21	11
Júlí	49	25	36	5
Ágúst	43	32	41	4
September	44	39	80	1
Október	81	37	91	3
Meðaltal á mánuði	66	234	58	7

Heimild: Umboðsmaður skuldara.

4. *Hversu langan tíma mun það taka embættið að leysa úr þeim málum sem bíða úrlausnar miðað við núverandi málshraða?*

Umboðsmaður skuldara gerir ráð fyrir að þær umsóknir sem liggja fyrir vegna úrræðis fyrir einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota verði afgreiddar í desember 2011. Jafnframt er gert ráð fyrir að lokið verði við afgreiðslu þeirra umsókna um ráðgjöf sem liggja fyrir í byrjun árs 2012, sem og þau erindi og ábendingar frá skuldurum sem bíða afgreiðslu hjá embættinu. Þá er stefnt að því að embættið hafi tekið afstöðu til allra þeirra umsókna um greiðsluaðlögun sem þegar hafa borist fyrir mitt ár 2012 en um leið og umsóknir hafa verið samþykktar fara þær áfram til umsjónarmanna. Embættið vinnur að því að stytta þann tíma sem það tekur að koma á staðfestum samningum um greiðsluaðlögun eins og frekast er unnt en þar skiptir einnig miklu máli hvernig samstarf við kröfuhafa hlutaðeigandi skuldara gengur.